

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að nýju deiliskipulagi.

Ásbraut, deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. október 2025 tillögu að deiliskipulagi fyrir Ásbraut.

Skipulagssvæðið nær til Ásbrautar og hluta Hábrautar á Kársnesi. Svæðið er 2,6 ha að flatarmáli og afmarkast af suður, norður og austur lóðamörkum lóðanna nr. 3-21 við Ásbraut (oddatölur). Til vesturs nær svæðið að lóðamörkun vestan Ásbrautar, fylgir lóðamörkum norðan útivistarsvæðis að lóðamörkum leikskóla við Hábraut og suður fyrir gatnamót Hábrautar og Ásbrautar. Meginmarkmið deiliskipulagsins eru endurbætur á Ásbraut til að koma fyrir hjólastígum og gangstéttum beggja vegna götunnar og bætt umferðaröryggi með breyttum innkeyrslum á lóðir við Ásbraut 3-21 og Hábraut 1-3. Helstu breytingar frá núverandi stöðu á svæðinu eru að einstefnu hjólastígum er komið fyrir sitt hvoru megin við Ásbraut. Gerðar eru breytingar á fyrirkomulagi lóða og bílastæða innan lóða ásamt aðkomu að lóðum við Ásbraut og Hábraut. Engar breytingar eru gerðar á núverandi byggingarmagni íbúðarhúsnæðis á skipulagssvæðinu en skilgreindur er byggingarreitur fyrir bílskúra/bílskýli við Ásbraut 3-5 og 11-13. Að öðru leyti telst skipulagssvæðið fullbyggt.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 14. janúar 2026.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 28. janúar 2026